

Selfossi, 23. nóvember 2017  
1605097


Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 00	K/S 1.12.17
Ábm.	Svfr.
Afgr. Jónsson	)Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

Varðar: Mögulega sameiningu sveitarfélaga

Bæjarráð Árborgar tók fyrir á fundi sínum hinn 9. nóvember sl. niðurstöður starfshóps um sameiningu sveitarfélaga og skýrslu KPMG. Eftirfarandi var bókað: „Bæjarráð Árborgar lýsir yfir áhuga á að ræða möguleika á sameiningu færri nærsveitarfélaga“ og var undirritaðri falið að vinna málið áfram. Í samræmi við umræður á fundinum er Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi hér með sent erindi þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort áhugi sé fyrir því hjá sveitarfélögunum að ræða mögulega sameiningu við Sveitarfélagið Árborg. Reynist áhugi vera fyrir hendi leggur undirrituð til að sveitarstjórnirnar fundi saman um málið og ákveði næstu skref.

Virðingarfyllst,

  
Ásta Stefánsdóttir  
Framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar

